

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um að forsætisnefnd skipi nefnd til að endurskoða starfsreglur um presta nr. 1110/2011 með síðari breytingu.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að beina því til forsætisnefndar að skipa þriggja manna starfshóp til að endurskoða starfsreglur um presta.

Nefndin skili kirkjuþingi tillögum að breytingum á starfsreglunum á kirkjuþingi 2023-2024.

#### Greinargerð.

Flutningsmaður leggur til að forsætisnefnd verði falið að skipa nefnd til að endurskoða starfsreglur um presta sem eru frá árinu 2011. Ljóst er að margt hefur breyst í starfsumhverfi presta á þessum rúma áratug og því telur flutningsmaður nauðsynlegt að starfsreglur um presta endurspegli það breytta starfsumhverfi sem presta búa við í dag.

Þrátt fyrir skilgreiningar á guðfræðilegu innihaldi hins heilaga prests- og prédikunarembættis liggi ljósar fyrir telur flutningsmaður að það gæti oft misskilnings um prestsembætti og störf presta þjóðkirkjunnar. Flutningsmaður telur því brýnt að í starfsreglum sé m.a. skilgreint hvað það þýði að vera þjónandi prestur þjóðkirkjunnar og að þar sé einnig kveðið á um málsmeðferð er varðar þau úrræði sem biskup hefur í vandasömum starfsmannamálum. Einnig að þar séu ákvæði um þann stuðning sem þau er prestsþjónustu sinna, þurfi nauðsynlega að hafa vegna þjónustu sinnar.

Í XI. kafla samþykktu um innri málefni þjóðkirkjunnar segir að biskup Íslands geti að undangenginni þeirri málsmeðferð sem lög og starfsreglur kveða á um afturkallað tímabundið eða að fullu umboð vígslunnar og fellt vígslubréf úr gildi. Þau lög sem vísað er til eru ekki í gildi lengur eins og t.d. konungsbréf um afsetta presta 7. okt. 1740 sem féll brott við hreinsun eldri laga árið 1990 en þar segir: „Prestar, sem settir verða frá kalli sínu, skulu leggja niður prestlegan skrud, og er eigi leyfilegt að nota þá þaðan í frá til nokkurrar geistlegrar þjónustu.“

Flutningsmaður telur að engar heimildir séu í dag fyrir því til að umboð vígslunnar geti verið afturkallað (að geta unnið prestsverk og notað embættisklæðnað kirkjunnar). Aðstæður geta skapast að grípa þurfi til slíkrar heimilda t.d. ef prestur hafnar opinberlega játningum evangelísk-lúterskar kirkju, segir sig úr þjóðkirkjunni (eða evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuði) eða hefur brotið af sér í starfi, t.d. rofið þagnarskyldu eða orðið uppvís að hegðun eða atferli sem stríðir gegn vígsluheitum.

Einnig þarf að huga að heimildum til embættisverka fyrrum presta þjóðkirkjunnar sem unnin eru á vegum þjóðkirkjunnar. Flutningsmaður telur það ekki vera rétt að prestur, sem vikið hefur verið úr embætti vegna brota í starfi, skuli geta haldið áfram að koma fram í umboði þjóðkirkjunnar og unnið prestsverk. Sama um þá presta sem sagt hafa sig úr þjóðkirkjunni. Eins og fyrr segir telur flutningsmaður nauðsynlegt að setja reglur um málsmeðferð í þessum efnum.

Flutningsmanni finnst ekki eðlilegt að umboð presta falli niður þegar þeir láta af embætti „í náð,“ vegna aldurs eða hverfa jafnvel til annarra starfa. En mikilvægt er að það sé haft sé í huga að þeirra prestsverk eru í umboði þjónandi prests.

Flutningsmanni er ekki ljóst hvernig reglur eru í þessum efnum í nágrannakirkjunum, nema að nýlega var biskupinn í Gotlandi „sviptur kjól og kalli“ og missti sem sé umboð vígslunnar og fær ekki að vinna prestverk.

Lagt er til að nefndin verði skipuð einum lögfræðingi og tveimur guðfræðingum sem hafa öll hafa glöggan skilning á kirkjulegri þjónustu.

Kostnaðaráætlun: 924.730 kr skv. meðfylgjandi skjali kostnaðaráætlunar.